

**From:** [Erling Valdimarsson](#)  
**To:** [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)  
**Subject:** Búrfellsvegurinn  
**Date:** sunnudagur, 14. júní 2026 20:59:52

---

Sæl verið þið,

Við eigum bústaðinn að Víðibrekku 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi og höfum verið viðloðandi svæðið frá árinu 2009. Ástæða þessara bréfaskrifa er að við höfum verulegar áhyggjur af hraðaakstri á Búrfellsvegi.

Eftir að vegurinn var malbikaður hefur hann batnað til muna og er það mikið fagnaðarefni. Hins vegar hefur umferð aukist töluvert samhliða þessum framkvæmdum og hraði ökutækja einnig. Að okkar mati er það aðeins tímaspursmál hvenær alvarlegt slys verður á veginum ef ekkert verður að gert.

Á svæðinu er mikil útivist og vegurinn er reglulega notaður af skokkurum, hjóltreiddafólki, göngufólki, barnafjölskyldum og öðru útivistarfólki. Frá bústaðnum okkar höfum við gott útsýni yfir veginn og sjáum oft ökutæki aka niður brekkuna á mun meiri hraða en leyfilegt er.

Við viljum því leggja til eftirfarandi úrbætur:

- Að hámarkshraði á Búrfellsvegi verði lækkaður.
- Að sett verði upp fleiri varúðarskilti sem minna á útivistarfólk og gangandi vegfarendur.
- Að skoðað verði hvort unnt sé að grípa til frekari hraðatakmarkandi aðgerða á svæðinu.
- T.d. hraða hindranir

Við teljum mikilvægt að brugðist verði við áður en slys verður og vonum að erindi þetta verði tekið til skoðunar.

Virðingarfyllst,  
Bertha Krisín Óskarsdóttir og Erling Valdimarsson  
Víðibrekka 1  
Grímsnes- og Grafningshreppur

Mvh

Erling Valdimarsson  
Tandlæge  
MSc. Oral Implantology  
ICOI Diplomate  
Partner tandlæge

[erling.valdimarsson@yahoo.com](mailto:erling.valdimarsson@yahoo.com)